

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/12/EB

frá 11. febrúar 2004

um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 17. desember 2003 ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 94/62/EB ⁽⁴⁾ skal ráðið fastsetja stefnumið fyrir næsta fimm ára áfanga, eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára áfangans sem hófst daginn sem tilskipunin kom til framkvæmda í landslögum.
- 2) Kveða skal skýrar á um skilgreininguna á umbúðum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/62/EB, með því að bæta við tilteknum viðmiðunum og viðauka með dæmum til skýringar. Nauðsynlegt er að hvetja til þróunar á nýjum, vistvænum og raunhæfum endurvinnsluferlum til að ná metnaðarfullum stefnumiðum varðandi endurvinnslu. Meta skal mismunandi aðferðir við endurvinnslu með það í huga að taka saman skilgreiningar á þessum aðferðum.
- 3) Þegar sett eru stefnumið um endurvinnslu á öllum tilteknum úrgangsefnum skal taka tillit til vistferils- greiningar og kostnaðar- og ábatagreiningar, sem hafa leitt í ljós að mikill munur er á kostnaði og ábata af endurvinnslu ýmissa umbúðaefna, og skal bæta samfellu innri markaðarins að því er varðar endurvinnslu á þessum efnum.
- 4) Auka skal frekar endurnýtingu og endurvinnslu á umbúðaúrgangi til að draga úr umhverfisáhrifum hans.

5) Tilteknum aðildarríkjum sem, vegna sérstakra aðstæðna, var leyft að fresta því að ná stefnumiðunum um endurnýtingu og endurvinnslu, sem eru sett í tilskipun 94/62/EB, skal veittur lengri en þó takmarkaður frestur.

6) Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin eru sam- mála um að þörf sé á tímabundnum undanþágum fyrir inngöngurikin með tilliti til stefnumiða þessarar tilskipunar. Þetta skal ákveðið á grundvelli beiðna inngöngurikja um undanþágur, sem skulu að megin- reglu ekki gilda lengur en til ársins 2012, að því er varðar Kýpur, Tékkland, Eistland, Ungverjaland, Litháen, Slóvakíu og Slóveníu og til ársins 2013 að því er varðar Möltu, 2014 fyrir Pólland og 2015 að því er varðar Lettland.

7) Ganga skal frá þessu samkomulagi í samræmi við viðeigandi, lagalega málsmeðferð áður en frestur til lögleiðingar þessarar tilskipunar rennur út.

8) Aðildarríkjunum ber að koma á fót skila-, söfnunar- og endurnýtingarkerfum vegna meðhöndlunar um- búða og umbúðaúrgangs. Öllum hagsmunaaðilum er heimil þátttaka í slíkum kerfum og þau skulu hönnuð þannig, í samræmi við sáttmálann, að þau feli ekki í sér mismunun á kostnað innfluttra vara, viðskipta- hindranir eða röskun á samkeppni og tryggi eins hátt skilahlutfall umbúða og umbúðaúrgangs og mögulegt er. Forðast skal mismunun efna á grundvelli þyngdar. Þeir sem koma að umbúðaferlinu í heild skulu axla sameiginlega ábyrgð sína til að tryggja að dregið sé úr umhverfisáhrifum umbúða og umbúðaúrgangs á endingartíma þeirra eins og unnt er.

9) Þörf er á árlegum gögnum um umbúðir og umbúða- úrgang í öllu Bandalaginu, þ.m.t. úrgangur sem er fluttur út til endurvinnslu og endurnýtingar frá Banda- laginu, til þess að hafa eftirlit með því að markmið þessarar tilskipunar séu uppfyllt. Því er þörf á sam- hæfðri aðferð við skýrslugjöf og skýrum viðmiðunar- reglum fyrir þá sem leggja fram gögnin.

10) Framkvæmdastjórnin skal rannsaka og gefa út skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og áhrif af fram- kvæmd hennar á umhverfið og innri markaðinn. Í þessari skýrslu skal einnig fjalla um mál, sem varða grunnkröfur, aðgerðir til að koma í veg fyrir myndun úrgangs, hugsanlega umhverfisvísa á umbúðum, áætlanir til að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnotkun, ábyrgð framleiðanda og þungmálma og henni skal fylgja, tillögur um endurskoðun, eftir því sem við á.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 221, 17.9.2002, bls. 31.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2002 (Stjtið. ESB C 272 E, 13.11.2003, bls. 287), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. mars 2003 (Stjtið. ESB C 107 E, 6.5.2003, bls. 17), afstaða Evrópuþingsins frá 2. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Lögjafar- ályktun Evrópuþingsins frá 29. janúar 2004 og ákvörðun ráðsins frá 26. janúar 2004.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10. Tilskipun eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

- 11) Aðildarríkin skulu stuðla að upplýsingaherferðum fyrir neytendur og hvetja til vitundarvakningar og annarra fyrirbyggjandi aðgerða.
- 12) Auk markmiðanna í þessari tilskipun um umhverfið og innri markaðinn getur endurvinnsla einnig skapað störf, sem hefur fækkað annars staðar í samfélaginu, og getur því stuðlað að því að koma í veg fyrir útskúfun.
- 13) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð stefnumiðum fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að samhæfa innlend stefnumið um endurvinnslu umbúðaúrgangs, með tilliti til einstakra aðstæðna í sérhverju aðildarríki, og því að kveða skýrar á um skilgreiningar, og vegna umfangs aðgerðanna verður þeim betur náð á vettvangi Bandalagsins og því er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.
- 14) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 15) Því ber að breyta tilskipun 94/62/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 94/62/EB:

1. eftirfarandi undirgreinar bætist við 1. tölul. 3. gr.:

„Skilgreiningin á umbúðum skal byggð á eftirfarandi viðmiðunum. Hlutirnir sem eru skráðir í I. viðauka eru dæmi til skýringar á notkun þessara viðmiðana.

- i) Hlutir skulu teljast til umbúða ef þeir standast framangreinda skilgreiningu með fyrirvara um annars konar hlutverk sem umbúðirnar geta gegnt, nema hluturinn sé óaðskiljanlegur hluti framleiðsluvörunnar og sé nauðsynlegur til að geyma, styðja eða varðveita vöruna á endingartíma hennar og allir þættir séu ætlaðir til notkunar, neyslu eða förgunar á sama tíma.
- ii) Hlutir, sem eru hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, og einnota hlutir, sem eru seldir, fylltir eða hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, skulu teljast til umbúða að því tilskildu að þeir þjóni hlutverki umbúða.
- iii) Efnisþættir umbúða og viðbótarþættir sem eru felldir inn í umbúðir teljast vera hluti af þeim

umbúðum. Viðbótarþættir, sem eru hengdir beint á eða festir við framleiðsluvöru og sem þjóna hlutverki umbúða, teljast til umbúða nema þeir séu óaðskiljanlegur hluti vörunnar og allir þættir séu ætlaðir til neyslu eða förgunar á sama tíma.

Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 21. gr., rannsaka og, ef nauðsyn krefur, endurskoða dæmin til skýringar á skilgreiningunni á umbúðum í I. viðauka. Fyrst og fremst skal fjalla um eftirfarandi hluti: geisla-diska- og myndbandahulstur, rör og hólka sem eru vafðir með sveigjanlegu efni, hlífðarpappír af sjálf-límandi límniðum og umbúðapappír.“

2. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

1. Til viðbótar við ráðstafanir gegn myndun umbúðaúrgangs, sem eru gerðar í samræmi við 9. gr., skulu aðildarríkin sjá til þess að öðrum fyrirbyggjandi ráðstöfunum verði hrint í framkvæmd.

Slíkar ráðstafanir geta falist í innlendum áætlunum, verkefnum til að leggja þá ábyrgð á framleiðendur að þeir dragi úr umhverfisáhrifum umbúða eða samsvarandi aðgerðum sem eru framkvæmdar í samráði við atvinnurekendur, ef við á, í þeim tilgangi að sameina og nýta hinar mismunandi fyrirbyggjandi aðgerðir innan Bandalagsins. Þær skulu vera í samræmi við markmið þessarar tilskipunar eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 1. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja sitt af mörkum til að stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum með því að flýta gerð viðeigandi Evrópustaðla í samræmi við 10. gr. Markmiðið með þessum stöðlum skal vera að draga úr umhverfisáhrifum umbúða í samræmi við 9. og 10. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, kynna tillögur um ráðstafanir til að efla og bæta við framkvæmd grunnkraftanna og til að tryggja að einungis sé hægt að markaðssetja nýjar umbúðir ef framleiðandinn hefur gert nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr umhverfisáhrifum þeirra án þess að raska grunnhlutverki umbúðanna.“

3. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Endurnýting og endurvinnsla

1. Til að ná markmiðum þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná eftirfarandi stefnumiðum á öllu yfirráðasvæði sínu:

- a) eigi síðar en 30. júní 2001 skulu a.m.k. 50% og í mesta lagi 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennd í sorpbrennslustöðvum sem endurnýta orku,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- b) eigi síðar en 31. desember 2008 skulu a.m.k. 60% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennd í sorpbrennslustöðvum sem endurnýta orku,
- c) eigi síðar en 30. júní 2001 skulu a.m.k. 25% og í mesta lagi 45% af þyngd allra umbúðafna í umbúðaúrgangi endurunnin, þar af a.m.k. 15% af þyngd hvers umbúðafnis fyrir sig,
- d) eigi síðar en 31. desember 2008 skulu a.m.k. 55% og í mesta lagi 80% af þyngd umbúðaúrgangs endurunnin,
- e) eigi síðar en 31. desember 2008 skal ná eftirfarandi stefnumiðum um lágmarksendurvinnslu á efnum í umbúðaúrgangi:

- i) 60% af þyngd glers,
- ii) 60% af þyngd pappírs og pappa,
- iii) 50% af þyngd málma,
- iv) 22,5% af þyngd plasts, eingöngu efni sem er endurnið sem plast,
- v) 15% af þyngd timburs,

2. Umbúðaúrgangur, sem er fluttur út frá Bandalaginu í samræmi við reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 259/93 (*) og (EB) nr. 1420/1999 (**) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1547/1999 (***), er einungis tekinn með að því er það varðar að uppfylla skuldbindingarnar og ná stefnumiðunum í 1. mgr. ef áreiðanlegar sannanir eru fyrir því að endurnýtingin og/eða endurvinnslan hafi farið fram við aðstæður sem í meginatriðum jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins á þessu sviði.

3. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, hvetja til endurnýtingar orku þegar sá kostur er æskilegri en endurvinnsla efna fyrir umhverfið og með tilliti til kostnaðar og ábata. Þessu mætti ná með því að hafa hæfilegt svigrúm milli innlendra stefnumiða um endurvinnslu og endurnýtingu.

4. Aðildarríki skulu, eftir því sem við á, hvetja til notkunar efna úr endurrunnum umbúðaúrgangi til framleiðslu umbúða og annarra vara:

- a) með því að bæta markaðsaðstæður fyrir slík efni,
- b) með því að endurskoða gildandi reglugerðir þar sem komið er í veg fyrir notkun þessara efna.

5. Eigi síðar en 31. desember 2007 skal Evrópuþingið og ráðið, sem taka ákvörðun með auknum meirihluta og að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, setja stefnumið fyrir þriðja fimm ára áfangann frá 2009 til 2014, á grundvelli hagnýtrar reynslu, sem aðildarríkin hafa aflað sér í viðleitni sinni

við að ná þeim stefnumiðum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., og niðurstaðna vísindarannsókna og matsaðferða, s.s. vistferilsgreiningar og kostnaðar- og ábatagreiningar.

Þetta ferli skal endurtekið fimmta hvert ár.

6. Ráðstafanir þær og stefnumið sem um getur í 1. mgr. skulu birt í aðildarríkjunum og kynnt almenníngi og atvinnurekendum með upplýsingaherferð.

7. Grikklandi, Írlandi og Portúgal er heimilt, vegna sérstakra aðstæðna þar, nánar tiltekið og í þessari röð vegna fjölda lítilla eyja, dreifbýlis- og fjallasvæða og lítillar notkunar á umbúðum enn sem komið er, að ákveða

- a) að ná, eigi síðar en 30. júní 2001, vægari stefnumiðum en þeim, sem eru sett í a- og c-lið 1. mgr., en löndin skulu ná a.m.k. 25% í endurnýtingu eða brennslu í sorpbrennslustöðvum sem endurnýta orku,
- b) lengja á sama tíma frestinn til að ná markmiðum skv. a- og c-lið 1. mgr., þó í mesta lagi til 31. desember árið 2005,
- c) lengja frestinn til að ná stefnumiðunum, sem um getur í b-, d- og e-lið 1. mgr., til dags að eigin vali, þó eigi síðar en 31. desember 2011.

8. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 30. júní 2005, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framvindu framkvæmdar þessarar tilskipunar og áhrif framkvæmdar hennar á umhverfið, sem og starfsemi innri markaðarins. Í skýrslunni skal taka tillit til sérstakra aðstæðna í hverju aðildarríki. Í henni skal fjalla um:

- a) mat á skilvirkni, framkvæmd og framfylgd grunnkrafanna,
- b) fyrirbyggjandi viðbótarráðstafanir til að draga úr umhverfisáhrifum umbúða eftir því sem unnt er án þess að raska grunnhlutverki þeirra,
- c) hugsanlega þróun umhverfisvísa á umbúðum til að einfalda aðgerðir í því skyni að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og gera þær skilvirkari,
- d) fyrirbyggjandi aðgerðir gegn myndun umbúðaúrgangs,
- e) hvatningu til endurnotkunar, einkum að bera saman kostnað og ábata af endurnotkun annars vegar og endurvinnslu hins vegar,
- f) ábyrgð framleiðenda, þ.m.t. fjárhagslegir þættir,
- g) átak til að draga frekar úr og, ef við á, hverfa að lokum í áföngum frá notkun þungmálma og hættulegra efna í umbúðir eigi síðar en árið 2010.

Þessari skýrslu skulu, eftir því sem við á, fylgja tillögur um endurskoðun á viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar, nema slíkar tillögur hafi þegar verið lagðar fram á þeim tíma.

9. Í skýrslunni skal fjalla um málefnið í 8. mgr., sem og önnur viðeigandi málefni innan ramma hinna ýmsu þátta sjöttu aðgerðaráætlunarinnar á sviði umhverfismála, einkum þemaáætlanir um endurvinnslu og sjálfbæra notkun auðlinda.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, hvetja til rannsókna og tilraunaverkefna varðandi b-, c-, d-, e- og f-lið 8. tölul. og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir.

10. Aðildarríkjum, sem hafa þegar samþykkt áætlanir eða hafa í hyggju að samþykkja áætlanir sem ganga lengra en stefnumiðin í 1. mgr. og hafa nægilega getu til endurvinnslu og endurnýtingar, er heimilt að vinna að þessum stefnumiðum til að stuðla að sem mestri umhverfisverndun, að því tilskildu að þessar ráðstafanir valdi ekki röskun á innri markaðinum og komi ekki í veg fyrir að hin aðildarríkin geti fullnægt kröfum tilskipunarinnar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta þessar ráðstafanir, þegar hún gengið úr skugga um, í samvinnu við aðildarríkin, að þær séu í samræmi við framangreind álitamál og feli ekki í sér gerræðislega mismunun eða duldar hömlur á viðskipti milli aðildarríkjanna.“

(*) Stjtið. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjtið. EB L 349, 31.12.2001, bls. 1).

(**) Stjtið. EB L 166, 1.7.1999, bls. 6. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2118/2003 (Stjtið. EB L 318, 3.12.2003, bls. 5).

(***) Stjtið. EB L 185, 17.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2118/2003.“

4. Í stað 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„2. Til að greiða fyrir söfnun, endurnotkun og endurnýtingu, þ.m.t. endurvinnsla, skal tilgreina á umbúðunum úr hverju umbúðaefnið er gert til auðkenningar og flokkunar innan viðkomandi atvinnugreinar, á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB (*).“

(*) Stjtið. EB L 50, 20.2.1997, bls. 28.

5. Eftirfarandi málsgrein bætist við 13. gr.:

„Aðildarríkin skulu einnig stuðla að upplýsingaherferðum fyrir neytendur og til vitundarvakningar.“

6. Í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Aðlögun að vísinda- og tækniframförum

Nauðsynlegar breytingar til að laga auðkenningarkefnið (sem um getur í 2. mgr. 8. gr. og síðasta

undirlið annarrar undirgreinar 10. gr.), sniðið fyrir gagnagrunnskerfið (sem um getur í 3. mgr. 12. gr. og III. viðauka), svo og dæmin til skýringar á skilgreiningunni á umbúðum (sem um getur í I. viðauka) að vísinda- og tækniframförum, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.“

7. Í stað 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 21. gr., ákveða til hvaða tæknilegra ráðstafana skuli grípa í því skyni að bregðast við hugsanlegum vandamálum við beitingu ákvæða þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar hvarftreg umbúðaefni, sem eru markaðssett í mjög litlu magni (þ.e. um það bil 0,1% af þyngd) í Evrópusambandinu, grunnumbúðir fyrir lækningatæki og lyfjavörur, litlar umbúðir og munaðarumbúðir.“

8. Í stað 21. gr. komi eftirfarandi:

„21. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB (*) gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.“

(*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

9. Eftirfarandi málsgrein bætist við 22. gr.:

„3a. Að því tilskildu að markmiðin, sem sett eru fram í 6. gr., náist er aðildarríkjunum heimilt að taka upp ákvæðin í 7. gr. með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirra atvinnuvega sem um er að ræða.

Þessir samningar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Samningar skulu vera framkvæmanlegir,
- Í samningum verður að tilgreina markmið ásamt samsvarendi tímamörkum,
- Samningar skulu birtir í innlendum stjórnartíðindum eða opinberu skjali, sem allur almenningur hefur jafnan aðgang að, og þeim skal komið á framfæri við framkvæmdastjórnina,
- Reglulegt eftirlit skal vera með þeim árangri sem næst, gefa skal skýrslu um hann til lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar og koma honum á framfæri við almenning samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum,
- Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að framfarir, sem nást samkvæmt samningnum, verði kannaðar,

f) ef ekki er staðið við samninginn skulu aðildarríkin beita viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar með laga- eða stjórnsýslufyrirmælum.“

10. Í stað I. viðauka komi viðaukinn í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. ágúst 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassburg 11. febrúar 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

DÆMI TIL SKÝRINGAR Á VIÐMIÐUNUM SEM UM GETUR Í 1. MGR. 3. GR.

Dæmi til skýringar á viðmiðun (i)

Umbúðir

Sælgætisöskjur

Plastfilma utan um geisladiskahulstur

Hlutir sem eru ekki umbúðir

Blómappottar sem er ætlað að fylgja plöntunni á líftíma hennar

Verkfærakassar

Tepokar

Vaxhúð á osti

Pylsugarnir

Dæmi til skýringar á viðmiðun (ii)

Umbúðir sem eru hannaðar og ætlað er að fylla við sölu

Burðarpokar úr pappír eða plasti

Einnota diskar og bollar

Viðloðandi plastfilma

Nestispokar

Álpappír

Hlutir sem eru ekki umbúðir

Hræripinnar

Einnota hnífapör

Dæmi til skýringar á viðmiðun (iii)

Umbúðir

Merkimiðar sem eru hengdir eða festir á vöru

Hluti af umbúðum

Aughárabursti sem er hluti af lokunarbúnaði ílátsins

Límmiðar sem eru festir á annan hluta umbúðanna

Hefði

Plasthólkur

Skömmtunarbúnaður sem er hluti af lokunarbúnaði íláts fyrir þvottaefni.“
